

## Svar

### mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um utanlandsferðir á vegum ráðuneytisins.

1. Hversu margar utanlandsferðir fóru árin 2016–2019:

- ráðherra,
- yfirstjórn,
- almennir starfsmenn,
- starfsmenn stofnana ráðuneytisins, sundurliðað eftir stofnunum?

Eftirfarandi tafla sýnir hversu margar utanlandsferðir ráðherra, yfirstjórn, almennir starfsmenn og starfsmenn stofnana ráðuneytisins fóru á árunum 2016–2019. Einnig sést hvort ferðirnar voru kolefnisjafnaðar eða ekki. Fyrirspurnin var send til 52 undirstofnana ráðuneytisins og fengust svör frá 32 stofnunum. Allar upplýsingar um stofnanir ráðuneytisins voru fengnar frá þeim sjálfum.

Aðili	2016	2017	2018	2019	Alls	Kolefnisjöfnun
Ráðherra	16	7	13	8	44	2019
Yfirstjórn MRN	40	37	30	18	125	2019
Aðrir starfsmenn MRN	208	228	223	200	859	2019
Borgarholtsskóli	2	3	13	5	23	Nei
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra					3	Já
Fjölbrautaskóli Suðurlands					0	Á ekki við
Fjölbrautaskóli Suðurnesja					6	Nei
Fjölbrautaskóli Vesturlands					1	Nei
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	13	12	17	12	54	Nei
Fjölmiðlanefndin					32	Nei
Flensborgarskóli					14	Já
Framhaldsskólinn á Laugum	1	2	3	3	9	Já
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu					33	Nei
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ					32	Nei
Hljóðbókasafnið	16	12	10	5	43	Já
Háskóli Íslands					2.621	Nei
Háskólinn á Hólum	10	9	15	18	52	Vantar svar
Kvikmyndamiðstöð Íslands	33	27	31	17	108	Nei
Kvikmyndasafn Íslands	1	3	7	8	19	Nei
Landbúnaðarháskóli Íslands	103	102	114	70	389	Nei
Landsbókasafn	11	13	16	16	56	Nei
Listasafn Einars Jónssonar	1	2			3	Já
Listasafn Íslands					21	Nei
LÍN	5	3	3	0	11	Nei
Menntamálastofnun	51	44	72	40	207	Nei

Aðili	2016	2017	2018	2019	Alls	Kolefnisjöfnun
Menntaskólinn við Hamrahlíð	16	24	24	23	87	Já
Menntaskólinn á Laugarvatni	2	2	3	6	17	Nei
Menntaskólinn á Tröllaskaga	60	3	7	16	86	Já
Menntaskólinn í Reykjavík		25	45	4	74	Óbeint
Miðstöð íslenskra bókmennta						Nei
Náttúruminjasafn	6	1	7	2	13	Nei
Rannís	254	250	293	268	1.065	Byrjað
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	3	11	4		18	Nei
Verkmenntaskólinn á Akureyri					0	Nei
Íslenski dansflokkurinn					22	Nei
Þjóðleikhúsið	18	40	24	13	95	Já
Þjóðminjasafn					52	Nei

## 2. Voru ferðirnar kolefnisjafnaðar?

2019 er fyrsta árið sem mennta- og menningarmálaráðuneytið kolefnisjafnar ferðir starfsfólks. Eins og fram kemur í töflu hér að framan eru nokkrar stofnanir ráðuneytisins einnig byrjaðar á því að kolefnisjafna ferðir starfsmanna.

## 3. Er til fjarfundabúnaður í ráðuneytinu eða í stofnunum sem heyra undir ráðuneytið og ef svo er, hvar?

Sérstakur fjarfundabúnaður er til í ráðuneytinu og allmörgum stofnunum þess, en á liðnum árum hafa fjarfundir í vaxandi mæli færst yfir á einkatölvur starfsmanna eða tölvur staðsettar í fundarherbergjum stofnananna.

## 4. Hversu margir fundir voru haldnir með fjarfundabúnaði árin 2016–2019 með aðilum í útlöndum?

Ekki er haldið utan um fjölda fjarfunda við aðila í útlöndum í ráðuneytinu og almennt ekki í stofnunum þess en óhætt er að fullyrða að þessi samskiptamáti fer mjög vaxandi. Samkvæmt upplýsingum frá Rannís var fjöldi fjarfunda hjá stofnuninni á fyrrgreindu tímabili 659.